

Hér birtist þriðji pistill minn af þremur. Áður hefur verið birtir pistlar varðandi Kjósarveitur og úrgangsmál. Það er ánægjuefni að fyrri pistlar hafa kallað fram viðbrögð sem hafa verið mjög upplýsandi og fyrir það ber að þakka. Varðandi talnaefni sem birt var með greininni “Fjögra hrafna bær” og sagt var, í viðbrögðum hreppsnefndar, ekki fyllilega rétt af minni hálfu, verður að upplýsa, sem ekki var nóu vel gert í greininni, að talnaefnið var tekið beint upp úr Árbók sveitarfélaganna. Hreppsnefndin virðist ekki hafa áttað sig á þessu samhengi og dregur því rangar ályktanir um að talnaefnið sé ekki fyllilega rétt. Hins vegar er samantekt hreppsnefndar til fyrirmyndar að öðru leyti og mjög til þess fallin að bæta árangur á því sviði sem umfjöllunin nær til.

Í þessum pistli var boðuð umfjöllun um þróun launamála ásamt ýmsum stærðum. Í áður rómudu fréttabréfi hreppsnefndar frá því í byrjun apríl og er aðgengilegt á kjós.is er fjallað um launakjör og ýmsar stærðir í rekstri sveitarsjóðs. Að nokkru leiti er málið undirrituðun skylt, en eins og fram kemur í bréfinu, þá voru laun sveitarstjóra/oddvita hækkuð verulega á árinu 2006 og starfið gert að 100% starfi, en þá gengdi undirritaður umræddu starfi. Svo það mál sé afreitt í umfjöluninni nú, þá voru þau laun, framreiknuð miðað við launavísitölu 570 þúsund krónur á mánuði.

Af lestri fréttabréfsins, má í fljótu bragði álykta; að laun hafi farið lakkandi frá þeim tíma. Það er víst mannlegt eðli að nota þau viðmið og þær upplýsingar sem helgar meðalið. Hér reynir á að greina á milli þess, sem mannlegt er og hins efnislega.

Í fréttabréfinu segir að “launakostnaður hafi lækkað verulega á síðustu árum sem hlutfall af rekstrartekjum”. Rekstrartekjurnar reyndust reyndar verða nokkuð minni en upp var gefið í fréttabr. og launakostnaður umtalsvert meiri, breyttist úr 29 millj. í 36 millj. í fyrstu útgáfu ársreikningi.

Í bréfinu er vísað til þess að á árinu 2016 var launakostnaður sveitarsjóðs 15% að heildartekjum og þar með eitt af þeim sveitarfélögum þar sem þetta hlutfall er lægst. Það sem hinsvegar er ekki sagt er að það sem áður voru launagreiðslur er nú verktakagreiðslur. Á það við um bókhaldskostnað sem áður var unnið af launamanni. Starf stuðningsfulltrúa við Klébergsskóla hefur verið lagt af og síðast en ekki síst er enginn launakostnaður bókfærður vegna leik- og grunnskóla, aðeins verktakagreiðslur. Að teknu tilliti til þessarra augljósu staðreynda, þá verður að hnýta aðeins í hreppsnefndina fyrir að bera á borð umbjóðenda sinna svo villandi staðhæfingar.

Þá er nokkuð fjallað um aukin umsvif en ekki nefnt að ýmis verkefnum hefur verið úthýst, s.s innheimtu, rekstur Félagsgarðs og sérstakt starf stofnað fyrir utan starfsvið sveitarsjóðs til að annast stjórnýslu varðandi hitaveitu.

Svo vitnað sé áfram í fréttabréfið þá er sagt “að ákveðið hefði verið að binda launakjör yfirstjórnanda og nefnda hreppsins við launaávarðanir Kjararáðs.” og síðar er rakið prósentuhlutfall eistakra starfa. Hvergi í bréfinu er þó nefnt það sem fæstum er kunnugt um, hvaða launaávarðanir eiga hér við, aðeins að laun séu tiltekin prósent, sem varla verða í askana látið. Við ýtarlega leit í fundargerðum hreppsnefndar má finna hvað hér er átt við.

Í upphafi þessa kjörtímabils var ákveðið að miða laun sveitarstjóra og þóknar fyrir nefndarstörf við laun alþingismanna eða svokölluð þingfaralaun, eða nánar tiltekið ákveðið hlutfall af þeim. Mjög hóflegar greiðslur höfðu verið fram til þess tíma, þannig að ákveðið hefur verið að gera verulega leiðréttingu til hækkunar og tengja niðurstöðuna sem hlutfall af þingfaralaunum til að losa hreppsnefndamenn unda því að þurfa að ákveða laun sín sjálfir, líkt og mörg önnur sveitarfélög hafa gert. Um þetta er allt gott að segja og sú hækkun sem þessi

ákvörðun fól í sér var fyllilega eðlileg og kom vel til móts við sanngirnissjónarmið.

Þegar á árinu 2016 ákvarðaði Kjaradómur hækkun í samræmi við almennan launakostnað og tóku laun hjá Kjósarhreppi þá hækkun.

Það sem síðar gerist og sem hefur vakið upp umræður, jafnt hér í hreppnum sem og í þjóðfélaginu í heild er ákvörðun Kjaradóms um að hækka laun þingmanna um 44% með þeim rökstuðningi að hækkunin komi til vegna leiðréttingar frá árunum í kjölfars efnahagshrunsins. Varðandi hækkun launa þingmanna verður ekki tekin afstaða til. En hitt að láta hækkunina ganga til þeirra, þar sem þessar forsendur voru ekki fyrir hendi er gagnrýnisvert, enda nýttu fjölmörg sveitarfélög sér hana ekki, enda höfðu enga skyldu til þess, aðeins siðferðisþrek að greina á milli rangs og rétts.

Hvað varðar Kjósarhrepp þá höfðu launin tekið verulegum hækkunum árið 2014 og aftur 2016 og gat því rökstuðningur Kjaradóms ekki átt hér við.

Með ákvörðun meirihluta hreppsnefndar Kjósarhrepps, en Þórarinn Jónsson greiddi atkvæði á móti, var tekin ákvörðun um að hækka launakjör um 44% og ráðstafa verulegu fé úr sveitarsjóði umfram heimildir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017.

Það er önnur hlið ákvörðunnar þessarrar. Sveitarstjórnir er bundnar, samkvæmt lögum, að víkja hvergi frá þegar samþykktri fjárhagsáætlun. Verði sveitarstjórnir berar að slíku ber endurskoðandi sveitarsjóðs að tilkynna það með skriflegri áitsgerð til Eftirlitsnefndar með fjármálun sveitarfélaga, sem grípur til viðeigandi aðgerða. Gerðar eru ríkar kröfur til sveitarstjórna að halda sig við formlega fjárhagsáætlun sem samþykkt hefur verið við tvennar umræður í sveitarstjórn og skilað inn til obinbera aðila. Sé fyrirséð að rekstur verði á skjön við gilda áætlun ber sveitarstjórn, hvoru tveggja gagnvart tekjum og gjöldum, að semja viðbótaráætlun og samþykkja með formlegum hætti og skila inn. Á árinu 2017 var engin slík viðbótaráætlun samin og er því alvarlegt misræmi á milli niðurstöðu ársreikninga og samþykktar fjárhagsáætlunar, sem sveitarstjórn kann að þurfa að svara fyrir.

Hér að neðan er talnaefni fengið frá sveitarstjóra sem varpar með skýrum hætti hver launaþróunin hefur verið á síðustu árum.

Ár/kjörtímabil	2006-2010	2010-2014	2014	2017
			Í upph kjörtímab.	Eftir Kjaradóm
Hreppsnefnd pr. mán u.þ.b. einn fundur pr.mán	16000	30000	50402	88096
Formenn efnda pr. fund	12000	13000	18901	33036
Nefndmenn pr. fund	8000	8500	12601	22024

Hækkun æðstu stjórnenda frá síðasta kjörtímabili er því 193%

Samkvæmt upplýsingum sem birtar eru með fundagerð frá janúar 2017 er þóknun til oddvita 176.191 á mánuði og samkvæmt fréttabréfi eru launakjör sveitarstjóra 92% af þingfaralaunum. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 þá er áætlað að heildarrekstrarkostnaður sveitarstjóra verði 17.261.000 auk biðlaunaréttinda og oddvita

2.547.000

Ekki ligga fyrir starfskjör framkvæmdarstjóra Kjósarveitna, en vænta má að þau séu sambærileg og kjör sveitarstjóra

Eitt atriði skal hér nefnt sem er í hrópandi mótsögn við hinn ríka vilja hreppsnefndar við að bæta kjör sín.

Þrjár samþykktir eru í gildi til að styðja við börn og barnafólk í hreppnum. Í töflu hér að neðan eru birt þróun framlaga síðustu ár. Ekki er ástæða til að gera tilraun til að reikna út prósentuhækkun en áhugavert væri að reikna út verðgildisrýrnun og jafnvel að skoða þessar tölur í samhengi við breytingar á rekstrartekjum sveitarsjóðs.

Ár	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Frístundastyrkir grunnskólanema	20000	20000	20000	20000	25000	25000	25000	25000	25000
Ferðastyrkir framhaldskólane ma	30000	30000	30000	30000	35000	35000	35000	35000	35000
Heimgreiðslur ungbarna	40000	40000	40000	40000	40000	40000	40000	40000	40000

Ekki skal efast um að margt gott hefur verið aðhafst að hálfu hreppsnefndar, þó það verði ekki sérstaklega tiltekið hér, enda finnur hver og einn það á eigin skinni sem vel hefur verið gjört. Og ekki skal vanþakkað það, að fólk deili kröftum sínum í þágu samfélagsins. Eðlilegasta mál er að viðkomandi fái umbun fyrir sitt vinnuframlag. Það er líka fygifiskur, að litið sé til verka þeirra með gagnrýnum hætti. Það skal áréttað hér í lokin, að þau skrif sem undirritaður hefur látið frá sér, hafa ekkert með þær persónur sem standa að baki. Það er ekkert nýtt að að gagnrýnt sé á báða bóga. Hingað til hefur það ekki haft áhrif á persónuleg samskipti og vænti ég að svo verði hér eftir.

Sigurbjörn Hjaltason